

Reykjavík 6. október 2020

Ályktun stjórnar Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík (MHR) vegna samkeppni um útilistaverk í vesturbæ Reykjavíkur.

Stjórn Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík (MHR) harmar það hvernig Reykjavíkurborg og Listasafn Reykjavíkur stóðu að samkeppni um útilistaverk í vesturbæ Reykjavíkur. Að mati stjórnarinnar voru samkeppnisreglur Sambands íslenskra myndlistamanna (SÍM) þverbrotnar og markvisst farið á svig við þær, þó svo að í auglýsingum og kynningarefni um samkeppnina hafi verið fullyrt að reglunum yrði fylgt. Þá furðar stjórnin sig á sinnuleysi SÍM í málinu, en samtökin eru ekki aðeins sá aðili sem setur útboðsaðilum samkeppnisreglur, heldur er hann um leið eftirlitsaðili með framkvæmd þeirra. Í 3. grein laga SIM segir að tilgangur og markmið SÍM sé “að bæta kjör og starfsgrundvöll myndlistarmanna, gæta hagsmuna þeirra og réttar”, en að mati stjórnarinnar er dagljóst að það var ekki gert í þessu tilfalli.

Stjórn MHR fer fram á það við Menningarmálanefnd Reykjavíkur að hún fjalli um málið og skýri skilmerkilega hversvegna framkvæmd samkeppninnar var með þessum hætti og upplýsi jafnframt myndlistarmenn um stefnu sína í samkeppnismálum til framtíðar.

Stjórn Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík.